



Íslandssjóðir hf. – Ársuppgjör 2014

Stjórn Íslandssjóða hf. sem rekur verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði hefur staðfest ársreikning félagsins fyrir árið 2014.

Afkoma Íslandssjóða hf. árið 2014

- Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning Íslandssjóða hf. og B-hluta sem inniheldur ársreikninga verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Íslandssjóða. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.
- Hagnaður Íslandssjóða hf. eftir skatta árið 2014 nam 228 m.kr. samanborið við 299 m.kr. árið 2013.
- Hreinar rekstrartekjur námu 1.408 m.kr. samanborið við 1.354 m.kr. árið áður.
- Rekstrargjöld námu 1.123 m.kr. samanborið við 980 m.kr. árið áður.
- Heildareignir félagsins námu 2.600 m.kr. í árslok 2014 en voru 2.595 m.kr. í ársbyrjun.
- Eigið fé í árslok 2014 nam 2.035 m.kr. en var 2.031 m.kr. í ársbyrjun.
- Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 58% í árslok 2014 en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%.
- Í lok desember 2014 voru 18 sjóðir í rekstri og slitum hjá félaginu og nam hrein eign þeirra 114.130 milljónum króna. Hagnaður færður á hlutdeildarskírteini eigenda verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Íslandssjóða var 3.320 m.kr. árið 2014 samanborið við hagnað uppá 6.551 m.kr. árið 2013.
- Stofnaðir voru tveir nýir fjárfestingarsjóðir á árinu; Lausafjár safn sem hóf rekstur í september og Óverðtryggður sjóður ÍS sem hóf rekstur í október.
- Ársreikningurinn hefur verið endurskoðaður af Deloitte hf. sem telur að reikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2014.
- Í lok desember 2014 störfuðu 13 starfsmenn hjá Íslandssjóðum. Framkvæmdastjóri félagsins er Haraldur Örn Ólafsson.

Lykiltölur í m.kr.

	2014	2013
Hreinar rekstrartekjur	1.408	1.354
Rekstrargjöld	1.123	980
Hagnaður fyrir skatta	285	374
Hagnaður eftir skatta	228	299
Eigið fé 31.12.	2.035	2.031



Afkoma verðbréfasjóða Íslandssjóða árið 2014

- Hagnaður verðbréfasjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini árið 2014 nam 2.329 m.kr., samanborið við 3.779 m.kr. árið 2013.
- Hrein eign verðbréfasjóða Íslandssjóða í árslok 2014 nam 88.190 m.kr. samanborið við 99.018 m.kr. árið 2013.

Lykiltölur í m.kr.

	Veltusafn	Ríkissafn	Ríkisskuldabréf - Sjóður 5	Löng ríkissk.br. - Sjóður 7
Hagnaður (tap) ársins	199	736	484	166
Hrein eign í árslok	3.299	16.869	27.909	34.396

	Úrvalsvísitala - Sjóður 6	Heimssafn - Sjóður 12	Eignasafn	Eignasafn – Ríki og sjóðir
Hagnaður (tap) ársins	18	110	33	11
Hrein eign í árslok	432	1.060	1.076	671

	Sjóður 1A	Sjóður 1B	Sjóður 11A	Sjóður 11B	Samtals verðbréfasjóðir
Hagnaður (tap) ársins	206	320	16	30	2.329
Hrein eign í árslok	838	1.299	119	222	88.190

Afkoma fjárfestingarsjóða Íslandssjóða árið 2014

- Hagnaður fjárfestingarsjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini árið 2014 nam 991 m.kr. samanborið við 2.772 m.kr. árið 2013.
- Hrein eign fjárfestingarsjóða Íslandssjóða í árslok 2014 nam 25.940 m.kr. samanborið við 18.707 m.kr. árið 2013.

Lykiltölur í m.kr.

	Lausafjár safn	Skuldabréfasafn	Óverðtryggður sjóður ÍS	Fókus - Vextir	IS Hlutabréfasjóðurinn
Hagnaður (tap) ársins	42	105	51	121	670
Hrein eign í árslok	4.613	4.299	2.646	4.071	10.307

	Fyrirtækja-sjóðurinn	Samtals fjárfestingarsjóðir
Hagnaður (tap) ársins	2	991
Hrein eign í árslok	4	25.940

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi hjá Íslandssjóðum hf. Kirkjusandi 2 og hjá VÍB, Eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, einnig á heimasíðu félagsins: www.islandssjodir.is frá og með 9. mars næstkomandi.

Nánari upplýsingar um ársreikning Íslandssjóða hf. veitir Haraldur Örn Ólafsson, framkvæmdastjóri félagsins, í síma 440 4593.